



ÁVARP FORMANNS

Eins og við var að búast hafa Góðvinir Háskólans á Akureyri ekki farið varahluta af þessum skelfilega veirufaraldri sem hefur leikið þjóðir heims ansi grátt. Endurfundir eldri útskriftarárganga, sem Góðvinir standa fyrir, runnu út í sandinn síðasta vor, eins og gefur að skilja. Góðvinir HA hafa frá stofnun félagskapparins veitt kandiötum viðurkenningar við brautskráningu ár hvert og var síðasta vor engin undantekning, þó svo að athöfnin hafi farið fram með rafrænum hætti í það skiptið. Það kom í hlut undirritaðs að veita umræddar viðurkenningar og það verður að viðurkennast að það var óneitanlega ansi skrytið að gera það með þessum hætti.

Öll él birtir um síðir og bráðum kemur betri tíð. Með bjartsýnina að vopni náum við okkur á strik þegar ósköpunum linnir og þá skulum við gleðjast, gamlir nemar og nýir, og rifja upp góðar minningar úr þessari mögnuðu menntastofnun á hjara veraldar. Að lokum vil ég hvetja velunnara HA til að leggja Góðvinum HA lið með félagsaðild eða með framlögum með öðrum hætti svo að starf okkar geti vaxið og dafnað. **Kær kveðja, Einar A. Brynjólfsson, formaður Góðvina**



HÁSKÓLAHÁTÍÐ ÓVENJULEG

Sökum Kórónuveirufaraldursins var brautskráning frá Háskólanum á Akureyri vorið 2020 með mjög svo óhefðbundnu sniði. Í stað venjulegrar Háskólahátíðar með boðsgestum í hátíðarsal var gripið til þess ráðs að taka upp myndband með ótal innsögum sem sýnt var á sjónvarpsstöðinni N4. Þar á meðal var ræða rektors, tónlistaratriði frá kandiötum og kveðjur frá starfsfólki háskólans.

Sérstakur heiðursgestur var tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson sem flutti velvalin orð til kandiödata. Kandiödatafengu brautskráningarskírteini sín send í pósti og vonast er til þess að geta hóað hópinn saman þegar ástandinu linnir.

Hægt er að nálgast brautskráningarmyndbandið á YouTube rás Háskólans á Akureyri

HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA 2020



Árið 2020 voru brautskráðir samtals 445 kandiðatar, 343 í grunnnámi og 102 í framhaldsnámi. Í 16. skipti veittu Góðvinir viðurkenningar til kandiðata sem sýnt hafa góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans á meðan námstíma stóð.

Viðurkenningarnar hlutu: **Sigríður Arna Lund, Heilbrigðisvísindasviði, Karen Jónasdóttir, Hug- og félagsvísindasviði, Þórný Stefánsdóttir, Viðskipta- og raunvísindasviði og Helena Sjørup Eiríksdóttir, framhaldsnámi.**

FALLIÐ FRÁ HÖRÐUM AÐGANGSTAKMÖRKUNUM

Vegna mikillar aðsóknar í nám við HA á síðustu misserum án viðbótar fjármagns frá ríkinu var í fyrsta skiptið gripið til aðgangstakmarkana þvert á háskólann við inntöku nýnema á vormisseri 2019-2020. Í haust átti að fara í enn harðari aðgerðir en að ósk yfirvalda - og með vilyrði fyrir frekara fjármagni - var ákveðið að bjóða öllum umsækjendum sem uppfylltu inntökuskilyrði námspláss.

Þann 15. október eru skráðir 967 nýnemar við HA sem sóttu rafræna nýnemadaga í lok ágúst.

YVONNE HÖLLER YNGST TIL AÐ HLJÓTA FRAMGANG Í STÖÐU PRÓFESSORS VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI



Dr. Yvonne Höller hefur hlotið framgang í stöðu prófessors við Sálfræðideild Háskólans á Akureyri og er þar með yngsti prófessor Háskólans á Akureyri frá upphafi. Yvonne hefur verið dósent við Sálfræðideild frá árinu 2017 en hún er með doktorsgráðu frá háskólanum í Salzburg.

Prófessorsstaða Yvonne er mikilvægt skref í eflingu rannsókna á sviði sálfræði við Háskólann á Akureyri og eflingu sálfræðirannsókna í landinu öllu. Árangur Yvonne er einstakur þegar litið er til hversu mikið hún hefur áorkað nú þegar og ljóst er að öflugt rannsóknarteymi hefur myndast innan Sálfræðideildar Háskólans á Akureyri. Teymið mun styrkja enn frekar í þeirri vinnu að sækja um heimild til doktorsnáms í nánustu framtíð.

Rannsóknir Yvonne er á sviði heilalínurits (EEG) í tengslum við heilasjúkdóma. Helstu birtingar hennar í vísindatímaritum hafa verið í tengslum við sjúkdóma á meðvitund, heilabilun, flogaveiki og mænuskaða við sálræna þætti. Sérstakar rannsóknaráherslur Yvonne eru á sviði minnis og heilasjúkdóma.

Í dag leiðir Yvonne rannsóknarverkefni á sviði flogaveiki sem hún hefur hlotið styrk til að framkvæma í samvinnu við Department of Mathematics and Neurology í Salzburg. Undanfarin misseri hefur Yvonne starfað við EEG-rannsóknarstofuna við Háskólann á Akureyri þar sem hún rannsakar breytingar á virkni heilans meðal fólks sem búsett er á Íslandi og þjáist af skammtímapunglyndi.



HVAR ERU ÞAU Í DAG?



Ingólfur Friðriksson

Staða: Sendiráðunautur og staðgengill í sendiráði Íslands í London

Nám við HA: BA og ML í lögfræði

Útskriftarárgangur: 2006 og 2011

Hvernig var tíminn þinn við HA í minningunni?

Ég hugsa hlýlega til þessara ára. Háskólasamfélagið var skemmtilegt og enda þótt það hafi verið mikið að gera var alltaf stutt í gleði og gaman. Ég eignaðist vini þarna sem ég hef haldið sambandi við síðan, en þó alltof sjaldan við suma. Þetta var líka á fyrstu árum lögfræðinnar og var áhugavert að sjá nýtt nám í mótun.



Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Staða: Lögfræðingur við Rektorsskrifstofu Háskólans á Akureyri

Nám við HA: Grunn- og meistaranám í lögfræði


Útskriftarárgangur: 2016 og 2018

Hvernig var tíminn þinn við HA í minningunni?


Tíminn leið í fyrsta lagi of hratt, en ég naut hans mjög vel. Á þessum fimm árum í námi kynntist ég ótal mörgum snillingum og mínum bestu vinum. Það lýsir því kannski best hversu góður tíminn minn var við HA að rúmu ári eftir útskrift hóf ég svo störf við háskólann og móta nú starf lögfræðings við HA.

LYKILTÖLUR


Heildarfjöldi stúdenta eftir fræðasviðum HA



Heildarfjöldi starfsfólks HA



Heildarfjöldi Meðaltal rannsóknarstiga á stöðugildi eftir fræðasviðum HA



Góðvinir Háskólans á Akureyri eru samtök stúdenta sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri og annarra velunnara háskólans.

Öllum býðst að ganga í félagið og fyrirtækjum og stofnunum býðst fyrirtækjaaðild. Greiðsluseðlar eru sendir út einu sinni á ári og kostar einstaklingsaðild 2.900 kr. á meðan fyrirtækjaaðild er 25.000 kr. (reikningur verður sendur).

Nánari upplýsingar veitir starfsmaður Góðvina, Katrín Árnadóttir (katrinarna@unak.is)

Öllum áhugasömum um að gerast Góðvinir er bent á að skrá sig með þar til ætluðu skráningareyðublaði á vefsíðu góðvina, godvinir.is



GÓÐVINIR HÁSKÓLANS
Á AKUREYRI